

Reykjavík 18. júní 2021

## Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2025, drög að umhverfismati hennar og sérálit minnihluta verkefnisstjórnar<sup>1</sup>

### Umsögn frá tveimur áhugamönnum um náttúruvernd

*Er nauðsynlegt að við varðveitum sérkenni íslenskrar náttúru, vistkerfi og landslag eða er þetta óþörf fornaldardýrkun?*

Þessi setning er sótt í fyrirsögn áhugaverðrar umfjöllunar um varðveislu tungumálsins okkar sem birt var á Vísindavefnum árið 2001<sup>2</sup>. Í þeirri umfjöllun er margt sem gæti átt við í umræðunni um þau drög að landsáætlun um skógrækt sem nú liggja fyrir. Eitt meginstef þessarar áætlunar er umbreyting náttúrulegra vistkerfa landsins, þ. á m. endursköpun þeirra með stórfelldu átaki í gróðursetningu ágengra framandi tegunda sem sífellt eiga auðveldara með að dreifa sér með sjálfsáningu í hlýnandi tíðarfari. Umfang slíkrar endursköpunar vistkerfa sem þar er boðuð fram til 2040 gæti samsvarað samanlagðri stærð allra miðlunarlóna sem gerð hafa verið hér á landi vegna vatnsaflsvirkjana, eða um 30.000 hekturum.

Umhverfisáhrif miðlunarlónanna eru mikil en þau eiga samt ekki eftir að dreifa sjálfkrafa úr sér yfir aðliggjandi land — ólíkt þeim skógum barrtrjáa sem gert er ráð fyrir í landsáætlunin í skógrækt. Þessi ásókn í að skipta út gróðurtegundum á sér vissa hliðstæðu í þeim tíma þegar mörgum þótti finna að tala dönsku en íslensku. Móðurmáli okkar var bjargað en um framtíð náttúrulegra vistkerfa hér á landi ríkir meiri óvissa. Það er nefnilega undarleg þversögn að nú, í upphafi alþjóðlegs áratugar um endurheimt vistkerfa, skuli lögð drög að mestu röskun síðari tíma á íslenskum vistkerfum, með öllum þeim keðjuverkandi áhrifum sem sú röskun hefur.

Það er mat höfunda þessarar umsagnar að sú stefna sem sett er fram í *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög* gangi í öllum meginatriðum þvert gegn meginmarkmiðum fyrstu greinar laga um skógrækt, hvað varðar liði a., b. og e.<sup>3</sup> Sú ofuráhersla sem þar er lögð á ræktun ágengra framandi tegunda er ógn við náttúruskóga landsins og aukna útbreiðslu þeirra. Stórfelld ræktun á

<sup>1</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, apríl 2021.

<https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaaetlun-i-skograekt-07052021.pdf>;

*Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt — Drög til samráðs 19. 04. 2021*. Skógræktin.

<https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/umhverfismat-landsaaetlunar-i-skograekt-19-april-2021.pdf>; *Minnisblað*, dags. 27. apríl 2021. Tómas Grétar Gunnarsson og Salvör Jónsdóttir.

[https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun\\_skograekt\\_seralit\\_tgg\\_sj\\_27-apr-2021.pdf](https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun_skograekt_seralit_tgg_sj_27-apr-2021.pdf).

Öll skjölin sótt 10.6.2021.

<sup>2</sup> Kristján Árnason: Er nauðsynlegt að við varðveitum tungumál okkar eða er þetta óþörf fornaldardýrkun?

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1864>. Sótt 10.6.2021.

<sup>3</sup> „Markmið þessara laga er:

- a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra,
- b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ...
- e. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd, ...“

barrskógum umbreytir vistkerfum, landslagi og líffræðilegri fjölbreytni á viðkomandi svæðum og skaðar alvarlega einstæða og fjölbreytta náttúru landsins. Til lengri tíma litið er sú endursköpun á náttúru Íslands sem boðuð er í ofangreindum drögum að landsáætlun í skógrækt eitt stærsta náttúruverndarmál þjóðarinnar og varðar einnig fjölmarga aðra þætti, svo sem matvælaframleiðslu.

Hér verður ekki gerð ítarleg grein fyrir þeim fjölmörgu atriðum sem við teljum að mætti betur fara í þessum drögum en einungis brugðið upp svipmyndum af nokkrum þáttum.

Bent er á að á vef Skógræktarinnar er áætlunin sögð ná yfir árabilið 2021–2031 en á kápusíðu pdf-skjalsins sem lagt er þar fram til kynningar<sup>1</sup> stendur skýrum stöfum að gildistíminn sé 2020–2025. Í skýrslunni sjálfri er síðan aðallega miðað við árabilið 2020–2040. Þetta misræmi er eitt og sér villandi.

Tekið skal fram að með þessu skjali leggjum við ekki fram sérstaka umsögn um sérálit minnihluta verkefnisstjórnar<sup>1</sup> þar eð við styðjum eindregið öll þau atriði sem þar koma fram.

## 1. Verkefnisstjórn og forsendur landsáætlunar

Eins og fram kemur í inngangi að drögunum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025*<sup>1</sup> á lokaafurð vinnu við mótun landsáætlunar í skógrækt að verða heildræn stefna sem kynnt verður fyrir Alþingi og síðan samþykkt af umhverfis- og auðlindaráðherra að loknu samráðsferli. Þessi stefna kemur því til með að hafa mikið vægi og því er mikilvægt að forsendur hennar, áherslur og áhrif komi fram með skýrum hætti.

Ljóst er að þau drög sem nú liggja frammi til umsagnar mótast nokkuð af því sérkenni stefnumótunar hér á landi að vera unnin í sterkum tengslum við ákveðna geira, hagsmunaaðila og stofnanir, í þessu tilviki skógrækt og þá aðila sem henni tengjast. Einn helsti ágalli slíkra vinnubragða er að ekki liggur fyrir heildræn stefnumótun stjórnvalda um umhverfismál þar sem lagðar eru skýrar leikreglur á breiðum grunni. Fyrir vikið getur komið upp rík hagsmunagæsla fyrir þröng sjónarmið.

Samsetning verkefnisstjórnar endurspeglar þetta enn frekar, þar eð fjórir af sjö stjórnarmönnum tengjast skógrækt með beinum hætti. Það sama gildir um báða ritara verkefnisstjórnarinnar og þau sem unnu stöðumat til undirbúnings stefnumótunarvinnunni. Ljóst er að drögin mótast mjög af þessu og bilið er breitt miðað við almennari umhverfissjónarmið, eins og ágætt sérálit minnihluta verkefnisstjórnar ber með sér. Ef gripið er til samlíkingar úr öðru umhverfi mætti spyrja; hvaða gildi hefði skýrsla Rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða ef meginhluti verkefnisstjórnar og annarra sem kæmu að gerð skýrslunnar væru fulltrúar þröngs hagsmunageira (t.d. raforkuframleiðenda) og með þrönga sýn á önnur sjónarmið?

Margs er að gæta. Ef litið er á þær forsendur sem stjórnvöld leggja fram í lýsingu fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt<sup>4</sup> kemur fram skýr áhersla á „að vernda og endurheimta líffræðilega

<sup>4</sup> LSK 2020 — Lýsing fyrir gerð landsáætlunar í skógrækt. Verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt, desember 2019. <https://www.skogur.is/static/files/Landsaaetlun/lysing-landsaaetlun-i-skograekt-12.des.2019.pdf>. Sótt 11.6.2021.

fjölbreytni<sup>4</sup>, að gerð verði grein fyrir „forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags“<sup>4</sup> (leturbr. okkar) og að „gerð verði sérstök grein fyrir notkun tegunda í skógrækt og tryggt að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir“<sup>4</sup> (leturbr. okkar). Í drögum hafa þeir þrjú áhersluliðir í lýsingu á forsendum og viðfangsefnum í skipunarbréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hins vegar verið sameinaðir í orðalagið „að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, og í því samhengi að gera grein fyrir forsendum landvals til skógræktar og notkunar trjategunda en ekki þó ágengra tegunda“<sup>5</sup>. Þessi umritun meirihluta verkefnisstjórnar felur í sér grundvallarmun hvað varðar áherslur. Orðin *náttúruvernd*, *minjavernd* og *landslag* eru felld út og sú áhersla stjórnvalda að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir gufar einfaldlega upp og engin grein er gerð fyrir notkun þeirra.

Tónninn er hér gefinn fyrir þá víðtæku notkun ágengra framandi tegunda sem boðuð er í drögum að landsáætlun í skógrækt.

## 2. Ágengar tegundir og viðkvæm náttúra Íslands

Náttúra Íslands er um margt sérstök. Vistkerfin eru bæði ung og mjög viðkvæm á jarðfræðilegum tímaskala. Innflutningur nýrra tegunda getur því haft afgerandi áhrif. Reynslan sýnir mikla getu þeirra til yfirtaka svæði, flæma burt þær tegundir sem fyrir eru, ryðja í burtu mikilvægum vistkerfum og breyta landslagsheildum. Náttúra Íslands, fegurð og sérkenni ber að virða og fara með gát ef umbreyta á náttúrulegum vistkerfum Íslands með innfluttum tegundum. Sú stórfellda aukning á gróðursetningu slíkra tegunda sem boðuð er í þessum drögum er því stærri áhættuþáttur en við verður unað.

Merkilega fáar niðurstöður rannsókna á sjálfsáningu og langtímaáhrifum mest notuðu innfluttu tegundanna, stafafuru og sitkagrenis hafa verið birtar miðað við það hve mikið er í húfi. Í ritgerð sem kom út 2012 um útbreiðslu sjálfsáinnar stafafuru (*Pinus contorta*) við rætur Staðarfjalls í Suðursveit kom fram að geta tegundarinnar til að dreifa sér væri mikil<sup>6</sup>.

Á hinum enda skalans eru hins vegar óbirtar en mikið auglýstar frumniðurstöður rannsókna á vegum Skógræktarinnar sem gerðar voru í Heiðmörk: „Innflutt tré ekki ágeng og stafafura gæti hjálpað birki að breiðast út“<sup>7</sup>.

Sá veruleiki blasir hins vegar við öllum þeim sem ferðast um landið okkar með opnum augum að stafafura, sitkagreni og fleiri tegundir eru farnar að sá sér af miklu afli út frá skógarreitum. Fræ af furu virðist geta borist langar leiðir og plöntur vaxið upp við fjölbreyttar aðstæður. Áhrifin eru mikil á það lífríki sem fyrir er.

<sup>5</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 7.

<sup>6</sup> Hanna Björg Guðmundsdóttir: *Útbreiðsla stafafuru (Pinus contorta) undir Staðarfjalli í Suðursveit*. BS-ritgerð. Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands 2012. <https://www.vinirvatnajokuls.is/media/3056/lokaskyrsla-stafafura-i-stadarfjalli-i-sudursveit.pdf>. Sótt 10.6.2021.

<sup>7</sup> Viðtal Péturs Halldórssonar, kynningarstjóra Skógræktarinnar, við Dennis A. Riege: <https://www.skogur.is/is/um-skograektina/frettir-og-vidburdir/frettir-og-pistlar/birkid-veitir-odrum-trjategundum-harda-samkeppni>. Sótt 10.6.2021.

Athyglisvert er að í skýrslunni *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga* frá 2007 er lítið gert úr sjálfsáningu barrtrjáa<sup>8</sup>. Mikil breyting hefur orðið á viðhorfum síðan sú skýrsla kom út vegna breyttra aðstæðna. Í svari núverandi skógræktarstjóra á Vísindavefnum árið 2010 við spurningu um hvort grenitré fjölgi sér með sjálfsáningu á Íslandi rekur hann nokkrar ástæður fyrir því að hún hafi verið takmörkuð til þess tíma. Sjálfsáning eigi hins vegar eftir að aukast á komandi áratugum<sup>9</sup>. Með auknum aldri trjáanna, hæð og þroska þeirra, í samspili við betri skilyrði vegna hlýnnunar loftslags, þá stigmagnast máttur ágengra framandi tegunda til sjálfsáningar með hverju árinu sem líður.



Gunnlaugsskógur á Rangárvöllum var náttúrulegur birkiskógur í uppgræddu sandlendi. Vorið 1983 var dreifplantað þar í skóginn um 7.000 stafafuruplöntum en afföll urðu allmikil. Nú er stafafuran búin að kæfa birkiskóginn á stórum svæðum og mun að lokum yfirtaka hann alveg. Er þetta sá blandskógur sem við viljum sjá? *Ljósm. Sveinn Runólfsson.*

---

<sup>8</sup> Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar. Umhverfisráðuneytið 2007. [https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/Birkiskogar.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Birkiskogar.pdf). Sótt 10.6.2021.

<sup>9</sup> Þröstur Eysteinnsson: Fjölga grenitré sér með sjálfsáningu á Íslandi? <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=28071>. Sótt 10.6.2021.

### 3. Skógrækt og sjálfbær þróun

Í kafla 2.2.1 í drögum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025* sem til umfjöllunar eru hér segir að meginmarkmið 1 sé að skógrækt skuli stuðla að sjálfbærri þróun samfélagsins. Meirihluti verkefnisstjórnar fer ýmsar leiðir til að sýna fram á að ágengar framandi tegundir styðji alla þætti sjálfbærni<sup>10</sup>. Ein þeirra er að: „Þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ágengar skv. skilgreini[n]gunni á ágengri framandi tegund í lögum um náttúruvernd...“<sup>11</sup>. Þessi einfalda lausn, afneitun á sjálfsáningu umræddra tegunda, er ekki byggð á faglegum grunni og er því á skjön við þann veruleika sem við blasir.

Önnur lausn sem verkefnisstjórnin leggur til byggist að hluta á því hve tómarúmið er alvarlegt í tengslum við verndun vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni hér á landi. Svo virðist sem engin stofnun, með skilgreinda persónu sem umsjónaraðila, beri skýra ábyrgð á vernd vistkerfa, landslags og líffræðilegrar fjölbreytni utan þeirra staða og svæða sem njóta sérstakrar verndar, s.s. náttúruvætti, þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Afleiðing þessa veikleika í löggjöf og stjórnsýslu í náttúruvernd hér á landi birtist m.a. í kafla í drögum sem nefnist Framtíðarsýn<sup>12</sup>. Þar er gengið út frá því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi við skógrækt. Það hefur margs konar þýðingu fyrir tilhögun skógræktar og þar með er skilgreiningin á því hvað telst sjálfbær skógrækt ein af grundvallarforsendum landsáætlunarinnar. Þetta hugtak, sjálfbær skógrækt, er hins vegar skilgreint með afar óvenjulegum hætti í drögum. Sú skilgreining er byggð á *Skógar á Íslandi — Stefna á 21. öld*, skýrslu sem Skógrækt ríkisins gaf út 2013<sup>13</sup>. Höfundar þeirrar skýrslu eru allir skógræktarfolk og því takmörkuð breidd í sýn og faglegum bakgrunni, eins og skýrslan ber með sér.

Í kafla VI í ofangreindri skýrslu frá 2013 kemur eftirfarandi fram:

Sjálfbærni er kjarninn í skógfræðimenntun og hugmyndafræði hennar er þroskaðri í skógfræði en á öðrum sviðum samfélagsins. Í fjölþjóðasamstarfi um vernd skóga í Evrópu (Forest Europe) var eftirfarandi skilgreining samþykkt af Evrópuþjóðum (þ. á m. Íslandi) og er hún einn helsti grundvöllur þess samstarfs:

*Sjálfbær skógrækt merkir að varsla og notkun skóga og skóglendis sé hagað þannig og unnin á þeim hraða að líffræðilegri fjölbreytni, ... á staðar-, lands- og heimsvísu sé viðhaldið, án þess að skaða önnur vistkerfi (leturbr. okkar)<sup>14</sup>.*

Hér er verndun þeirra vistkerfa **sem fyrir eru** sett í öndvegi með skýrum hætti. Höfundar skýrslunnar *Skógar á Íslandi* telja þessa skilgreiningu vera ættaða utan úr Evrópu þar sem allar

<sup>10</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 13.

<sup>11</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 25.

<sup>12</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 8.

<sup>13</sup> Jón Loftsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Brynjólfur Jónsson, K. Hulda Guðmundsdóttir, Valgerður Jónsdóttir og Pröstur Eysteinnsson: *Skógar á Íslandi — Stefna á 21. öld*. Skógrækt ríkisins, 2013.

[https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf\\_skrar/skogstefna-jan-2013.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/skogstefna-jan-2013.pdf).

Sótt 10.6.2021.

<sup>14</sup> *Skógar á Íslandi — Stefna á 21. öld*, bls. 11 (leturbr. okkar).



aðstæður séu aðrar en á Íslandi og að þessi skilgreining henti ekki í skógrækt hér á landi. Þeir segja:

Fyrir Ísland á eftirfarandi skilgreining betur við, en á þessum skilgreiningum er aðeins blæbrigðamunur:

*Sjálfbær skógrækt merkir að **endurreisn**, varsla og notkun skóga og skóglendis sé hagað þannig og unnin á þeim hraða að líffræðilegri fjölbreytni, ...á staðar-, lands- og heimsvísu séu efla, **án þess að skaða önnur gæði** (leturbr. okkar)<sup>15</sup>.*

Hér hefur orðið sú grundvallarbreyting að orðinu „endurreisn“ er bætt við og með því að orðin „**án þess að skaða önnur vistkerfi**“ verða að „**án þess að skaða önnur gæði**“ er notkun allra tegunda gerð jafngild. Áherslubreytingin er síðan áréttuð með því að þeir segja: „Forsenda þess að skógrækt verði sjálfbær er að við höldum áfram að byggja upp skógarauðlind á Íslandi“<sup>15</sup>.

Inntak þessarar skilgreiningar birtist síðan skýrt í öðru riti frá Skógræktinni sem gefið var út árið 2016. Þar segir í 4. kafla, „Framtíðarsýn Skógræktarinnar“: „Fjölpættur ávinningur skóga er viðurkenndur til jafns við önnur umhverfismál og aðra landnotkun“<sup>16</sup>.

Drögin að landsáætlun í skógrækt byggjast á þessum grunni. Allar trjátegundir eru gerðar jafngildar, svo framarlega sem þær geta gert gagn sem skógartré, en umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið að öðru leyti vötnuð út. Fjármagnið kemur úr opinberum sjóðum en hætt er við að í framtíðinni verði litið á þessi griðrof við viðkvæma náttúru Íslands sem hliðstæðu ríkisstyrktrar ofbeitar sauðfjár og framræslu votlendis fyrr á árum.

Þessi vinnubrögð eru ótæk og óásættanleg. Ekki er úr vegi að líta svo á að þau séu ígildi þess að fiskeldisgeirinn og þeir sem eiga hag af veiði í ám og vötnum hefðu fullt frelsi til að flytja að vild ágengar framandi fisktegundir til landsins og dreifa þeim hvar sem þeim sýndist, eða orkugeiranum gefið fullt frelsi til virkjunarframkvæmda og sjálfbærnin miðuð við getu til orkuvinnslu, og að það væri opinbera fagstofnunin á þessu sviði sem væri leiðandi í slíkri umbreytingu vistkerfanna. Þetta kæmi engum öðrum við!

<sup>15</sup> Skógar á Íslandi — Stefna á 21. öld, bls. 11

<sup>16</sup> Skógræktin — Stefna og stjórnskipulag. Capacent vann fyrir Skógræktina, 2016, bls. 4.  
[https://www.skogur.is/static/files/2016/Skograektin\\_stefna\\_og\\_skiplag\\_lokagerd.pdf](https://www.skogur.is/static/files/2016/Skograektin_stefna_og_skiplag_lokagerd.pdf). Sótt 11.6.2021.



Stafafuran í Gunnlaugsskógi sáir sér nær árlega inn í ungan birkiskóg. Birkið verður ekki sýnilegt í þessum blandskógi innan fárra ára. Sjálfsáning stafafurunnar hefur stigmagnast ár frá ári. *Ljósm. Sveinn Runólfsson.*

#### 4. Kolefnisbinding með skógrækt

Eitt megininkenni þeirrar stefnu sem fram kemur í drögum að landsáætlun í skógrækt er ofuráhersla á afkastamikla skógrækt sem lausn á loftslagsmálum Íslendinga. Þar er sett fram sú framtíðarsýn að aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verði lykilatriði í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040<sup>17</sup>. Erfitt er að finna svo víðtækt hlutverk í stefnu stjórnvalda, sem leggur megináherslu á að draga úr losun og síðan fjölpættar leiðir til að binda það sem út af ber miðað við sett markmið.

Þessi sýn er útfærð nánar í kafla 2.2.2 í drögunum (meginmarkmið 2): að skógar og skógrækt verði lykilatriði í að fást við loftslagsbreytingar<sup>18</sup>.

Meginefni þessa kafla draganna eru vangaveltur og umfangsmikil áform um skógrækt til kolefnisbindingar og er sú umfjöllun að mestu alvarlega á skjön við mikilvægi þess að skoða kolefnisbindingu í samhengi við fjölpætt umhverfissjónarmið og aðrar leiðir og markmið. Slíkt

<sup>17</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 8 (undirkafla 2.1).

<sup>18</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 11.

samræmist ekki leiðsögn stjórnvalda, samanber rit stjórnaráðsins; Bætt landnýting í þágu loftslagsmála frá 2019<sup>19</sup>. Þar kemur m.a. fram (bls. 6) rík áhersla á samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar auk leiðbeinandi samninga og að ekki verði notaðar ágengar framandi tegundir (liður 5). Jafnframt er þar fjallað um samræmi við stefnumörkun stjórnvalda (liður 6): „Tryggja að aðgerðir sem miða að kolefnisbindingu og samdrætti í losun kolefnis frá landi samræmist og styðji við stefnumótun íslenskra stjórnvalda á öðrum sviðum m.a. varðandi vernd og endurheimt vistkerfa....“.

Síðar í drögunum kemur fram að þau miklu áform um kolefnisbindingu með skógrækt sem boðuð eru í drögunum séu byggð „að stórum hluta á aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og lýsi skerf skógræktar við að ná markmiðum þeirrar áætlunar“<sup>20</sup>. Í því ljósi er það markmið sett fram í drögunum að leggja grunn að „árlegri bindingu 500.000 tonna CO<sub>2</sub> ígilda fyrir árið 2040 umfram það sem var árið 2020“<sup>21</sup>. Framsetning talna er oft erfið til túlkunar en engu að síður er ljóst að þetta markmið felur í sér á bilinu tvö til fjórfalt meiri kolefnisbindingu með skógrækt en gert er ráð fyrir í aðgerðamarkmiðum stjórnvalda<sup>22</sup>. Auk þess er miðað við lengri tíma en nemur gildistíma landsáætlunarinnar.

Misræmið vekur upp þá spurningu hvort höfundar draganna séu með þessu að taka sér stefnumótandi hlutverk hvað varðar umfang kolefnisbindingar með skógrækt sem er margfalt meira en þessum geira er ætlað og er auk þess háð samhengi við aðrar aðgerðir og miklum fjárframlögum úr ríkissjóði.

Til að gefa hugmynd um stærðargráðu þessara áforma og það hve tómarúmið er alvarlegt í tengslum við aðhald vegna umbreytingar vistkerfa, landslags o.s.frv. með stórvöxnum framandi tegundum, er fróðlegt að bera þessi áform saman við annan framkvæmdageira, orkuöflun, sem einnig hefur mikil umhverfisáhrif í för með sér. Ólík viðhorf virðast hins vegar gilda um undirbúningsferla og framkvæmdir í þeim geira.

Í landsáætluninni kemur fram að nú séu á landinu um 40.000 ha ræktaðra skóga annarra tegunda en birkis<sup>23</sup> en miðað við vaxtarleiðina svokölluðu þurfi að bæta við a.m.k. 30.000 ha í viðbót með slíkum tegundum, þ.e. öðrum tegundum en birki, til þess að ná ofangreindu markmiði um kolefnisbindingu fyrir árið 2040.

Til samanburðar við það landflæmi sem fer undir skógrækt skv. ofangreindu, áætlum við að stærð lóna vegna vatnsaflsvirkjana (að meðtalinni þeirri stækkun Þórisvatns sem varð við virkunarframkvæmdir en ekki stærð alls vatnsins) sé samanlögð um 30.000 ha. Í landsáætlun í

<sup>19</sup> Bætt landnýting í þágu loftslagsmála. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2019.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f8c0433d-9cca-11e9-9443-005056bc4d74>

<sup>20</sup> Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög, bls. 31.

<sup>21</sup> Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög, bls. 15.

<sup>22</sup> Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum — Aðgerðir íslenskra stjórnvaldatil að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2020, bls. 142.

<https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Adgerdaaetlun%20i%20loftslagsmalum%20onnur%20outgafa.pdf>. Sótt 10.6.2021.

<sup>23</sup> Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög, bls. 17.



skógrækt er sem sé lagt til að umbreyta með ágengum framandi tegundum jafnstóru landi og búið er að sökkva undir vatn frá upphafi raforkuframleiðslu hér á landi. Í báðum tilvikum eru umhverfisáhrifin gríðarleg en viðhorfin gagnvart þeim afar ólík. Hvað raforkuframleiðslu varðar liggja tugir „mannára“ á bak við mat á þeim. Hvað skógræktina áhrærir virðist ætlunin að skauta létt fram hjá umhverfisáhrifunum, eins og glöggjt má sjá af þeim drögum að umhverfismati sem fylgja áætluninni.

Athygli vekur hve miklu af vel grónu þurrlandi og frjóu landi á að umbreyta í skóga með framandi tegundum, sbr. texta undir línuriti á bls. 16 í drögnum<sup>24</sup>. Þar kemur fram að áætlað er að gróðursetja sitkagreni og stafafuru í samanlagt 20.000 ha vel gróins þurrlandis, rússalerki í 5.000 ha rýrlendis og alaskaösp í 5.000 ha frjósams lands á 50 ára tímabili. Hætt er við að slíkt land losi frá sér mikið kolefni fyrstu árin eftir gróðursetningu og kolefnisbindingin verði því neikvæð til að byrja með. Það á ekki síst við þar sem jarðvinnsla er notuð til að halda aftur af samkeppnisgróðri meðan gróðursettar trjáplöntur eru að komast í fullan vöxt. Rotnandi gróðurmotta er ekki loftslagsvæn.

## 5. Skógrækt – Atvinna, arður, sjálfbærni og efling byggða

Í kafla 2.2.3 í drögnum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025* (meginmarkmiði 3) er fjallað um skógrækt í tengslum við atvinnu, arðsemi, sjálfbærni og eflingu byggða<sup>25</sup>. Skoða verður þessa þætti miklu betur en gert er í drögnum sem hluta af grunni landsáætlana og ríkið verður að skilgreina betur hvað það er tilbúið til að greiða fyrir sem verkkaupi og á hvaða forsendum. Svo virðist sem lítið sé í raun vitað um hagrænar hliðar skógræktar en sífellt er þó fjallað um þessi mál af hálfu Skógræktarinnar í almennum frösom. Það á við um flesta þætti þessu tengda, svo sem hina meintu arðsemi af nýtingu skógana og kolefnisbindingu, sem augljóst er þó að mun ekki skila miklu fyrr en eftir nokkurn tíma. Hafa þarf í huga að þróun fjölbreyttra lausna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og binda kolefni er hröð.

Ríkið, við skattgreiðendurnir, greiðir fyrir þetta. Reynslan af ríkisstyrkjum til landbúnaðar og landnýtingar undirstrikar að fara þarf með gát og sjá fyrir langtímaáhrif m.a. á náttúruna. Ávinningurinn á að vera mikill. Eftir því sem næst verður komist eru hins vegar ekki til neinar rannsóknir sem kafa af nægri dýpt ofan í hinar hagfræðilegu hliðar málsins, þar með talið ávöxtun stofnkostnaðar og þann skelfilega umhverfiskostnað sem hlýst af framkvæmd skógræktar og nýtingu nytjaskóga.

Í skógrækt er horft til langrar framtíðar, en hvað má læra af reynslu annarra þjóða? Stundum er litið til Svíþjóðar sem mögulegrar fyrirmyndar, en hvað segir þessi heimildarmynd<sup>26</sup> um slíka

<sup>24</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 16.

<sup>25</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 19 og áfram.

<sup>26</sup> Sjá <https://moreofeverything.org/>. Sótt 10.6.2021.

draumsýn íslenskrar skógræktar? Í nýlegri frétt úr *The Guardian* kemur fram svipuð gagnrýni á umhverfisáhrif skógræktar.<sup>27</sup>

Andstaða gegn einræktun tegunda við skógrækt fer vaxandi í heiminum<sup>28</sup>. Í drögum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025* er lögð áhersla á „blandskóga“ sem lausn. Við viljum benda á að hér á landi virka blandskógar, þar sem fyrir eru lágvaxnar tegundir, með tíð og tíma sem einræktun.

Ljóst er að skógrækt með stórvöxnum framandi tegundum bindur landnotkun til mjög langs tíma. Í þessum drögum að landsáætlun í skógrækt er ekkert komið inn á slíka þætti. Meðal þessara þátta eru áhrif á fæðuöryggi. Í frétt frá FAO, fæðu- og landbúnaðarstofnum Sameinuðu þjóðanna, kom nýverið fram að matvælavæðing í heiminum hafi hækkað tíunda mánuðinn í röð<sup>29</sup>. Þessi hækkun undirstrikar að land sem hentar vel til framleiðslu matvæla verður sífellt mikilvægara. Jarðarbúum fjölga hratt og fæðuþörf þeirra vex í samræmi við það. Í dag þarf að metta um 200 þúsund fleiri en í gær. Undirstöður matvælaframleiðslunnar eru hins vegar að veikjast því að víða gengur á gæði lands, vatnsforða, landrými og annað sem þarf til hennar. Það er áriðandi fyrir okkur Íslendinga að gæta vel að öllu því landi sem hentað gæti til landbúnaðar í framtíðinni — að vernda það og bæta. Mikilvægt er að skýrt komi fram í landsáætlun í skógrækt að ekki verði gróðursett í land sem hentar vel til framleiðslu matvæla nema þá að undangengnum skýrum matsferlum.

Það sama gildir um að veikja ekki stóðir ferðaþjónustunnar, sem byggist að verulegu leyti á sérstæðri náttúrufegurð Íslands. Það þarf ekki mörg barrtré til að gerbreyta ásýnd lands. Áhrifin á landslag, útsýni og sjónrænt gildi geta verið mikil. Það má segja að við ýmsar aðstæður hafi barri vaxið land einhæf landslagseinkenni. Jafnvel fjallgarðar geta virkað sem hæðir og gil, skuggar og klettar horfið: allt orðið einsleitt. Það er undarleg þversögn í því að stafafura, tegund sem talin er ágengt illgresi á Nýja-Sjálandi vegna hættu á að hún valdi varanlegum skaða á einstæðu landslagi þess lands<sup>30</sup>, skuli vera mest notaða tréð í skógrækt á Íslandi.

Ljóst er að þessu sögðu að sú umfjöllun um meginmarkmið í þessum drögum sem lýtur að atvinnu, nýsköpun og eflingu byggðar með sjálfbærni að leiðarljósi er gersamlega ófullnægjandi.

## 6. Vernd og endurheimt náttúruskóga og líffræðilegrar fjölbreytni

Í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 og í skipunarbréfi verkefnisstjórnar eru markmið laganna sett fram í 1. gr.:

<sup>27</sup> Sjá [https://www.theguardian.com/environment/gallery/2021/apr/16/forests-felling-swedens-ancient-trees-biodiversity-sami-environment?fbclid=IwAR2kW8\\_FTcmQ59yTMV0\\_GOPk0oxhOwZC311QV\\_jxrMY\\_eO9WLuCfA7WYfk](https://www.theguardian.com/environment/gallery/2021/apr/16/forests-felling-swedens-ancient-trees-biodiversity-sami-environment?fbclid=IwAR2kW8_FTcmQ59yTMV0_GOPk0oxhOwZC311QV_jxrMY_eO9WLuCfA7WYfk). Sótt 10.6.2021.

<sup>28</sup> Sjá <https://wrm.org.uy/browse-by-subject/international-movement-building/international-day-of-struggle-against-monoculture-tree-plantations/>. Sótt 10.6.2021.

<sup>29</sup> Sjá <http://www.fao.org/news/story/en/item/1393083/icode/>. Sótt 10.6.2021.

<sup>30</sup> Sjá <https://www.doc.govt.nz/nature/pests-and-threats/weeds/common-weeds/wilding-conifers/>

- a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra,
- b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ...
- e. að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd.

Fjallað er um framkvæmd þessara markmiða í kafla 2.2.4 í drögum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025* (meginmarkmið 4) undir fyrirsögninni „Skógrækt og skógvernd stuðli að bættum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd, endurheimt vistkerfa og eflingu líffjölbreytni“<sup>31</sup>. Sitthvað er óljóst í inngangi þessa kafla sem skýra þyrfti betur.

Í undirkafla þessa kafla er fjallað um vernd og eflingu náttúruskóga (kafla 2.2.4.1 markmið 4.1). Í þessu sambandi ber að minnast þess að íslenska birkið er samofið sögu þjóðarinnar. Því er sú áhersla sem fram kemur í kaflanum á vernd og útbreiðslu náttúruskóga fagnaðarefni.

Svo hart var sótt að birkiskógum Íslands í aldanna rás að þeir skógar og kjarrlendi sem eftir standa eru í eðli sínu náttúruvætti, merkar minjar sem okkur ber að vernda. Auk þeirra leiða til verndunar sem tilgreindar eru í drögum, er brýn þörf á sérstöku átaki til að sporna gegn þeirri stórfelldu umbreytingu birkiskóga sem við blasir víða um land vegna gróðursetningar ágengra framandi tegunda innan náttúruskóga á liðnum árum. Með batnandi gróðurskilyrðum fer sjálfsáning þessara tegunda hraðvaxandi. Barrtrén munu hafa margþætt áhrif á birkiskógana; þau munu breyta svipmóti þeirra, lífríki og vistgerð, og hætt er við að stórvaxin barrtrén yfirskyggi smágert birkið eftir því sem tímar líða. Á sama hátt á birki í svokölluðum blandskógum, sem lögð er áhersla á í tengslum við markmið 4.3, sér dapra framtíð. Mikilvægt er að í landsáætlun um skógrækt sé birkiskógunum veitt nægjanlega vörn. Í því þarf m.a. að felast að framandi trjátegundir séu fjarlægðar úr skógarleifum sem merkilegar þykja vegna sögu þeirra, vistfræðilegs gildis og/eða annarra verndunarþátta.

Í undirkafla 2.2.4.2 (markmið 4.2) er talað um að efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi. Efnislega fellur þessi undirkafla undir sömu lagagrein og sá næstí á undan en aðgreiningin og orðalag gæti gefið til kynna að efla eigi náttúrulega útbreiðslu fleiri tegunda en þeirra innlendu, sbr. orðalagið með því að „rækta skóg með ... aukaaðgerðum á borð við að flytja aðrar plöntur eða jarðvegslífverur á ný skógræktarsvæði ...“<sup>32</sup>.

Undirkafla 2.2.4.3 (markmið 4.3) ber heitið „Skógar stuðli að aukinni líffræðilegri fjölbreytni og góðri stöðu annarra umhverfisþátta“. Efnislega er sú umfjöllun sem þar er í hróplegu ósamræmi við lið b. og c. í 1. gr. laga um skóga og skógrækt (nr. 33/2019)<sup>33</sup> og þar með skipunarbréf verkefnisstjórnar. Það sama gildir um skipulagsferla í tengslum við skógrækt. Djásn þessa undirkafla er: „Ekki verða notaðar ágengar trjátegundir í skógrækt.“ Síðan kemur einföld fullyrðing sem á að leysa þann vanda: „Þær tegundir sem nú eru notaðar eru ekki ágengar ...“<sup>34</sup> Víst er að á bak við þá fullyrðingu liggja ekki fagleg rök.

<sup>31</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 22 og áfram.

<sup>32</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 24.

<sup>33</sup> Þeir liðir 1. greinar laganna hljóma þannig:

b. að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni,

c. ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja ...

<sup>34</sup> *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025 — Drög*, bls. 25.

## 7. Lokaorð

Höfundar vilja í lokin árétta:

- Að sú áhersla sem fram kemur á endurheimt birkiskóga í drögum að landsáætlun í skógrækt er fagnaðarefni, en auk þess er áriðandi að útvíkka verndunarpáttinn með tilliti til vaxandi útbreiðslu ágengra framandi tegunda.
- Að alvarlegar athugasemdir eru gerðar m.a. við eftirtalin atriði:
  - áætlun um stórfelda aukningu á ræktun innfluttra ágengra trjátegunda,
  - skort á mati áætlunarinnar í heild á áhrifum á náttúru landsins,
  - ófullnægjandi hagrænt mat áætlunarinnar,
  - skort á samræmingu áætlunarinnar við alþjóðlega samninga, íslensk lög og reglugerðir,
  - misvísandi upplýsingar um tímalengd landsáætlunar,
  - túlkun höfunda draga landsáætlunar í skógrækt á hugtakinu sjálfbærni.
  - oftúlkun höfunda draga landsáætlunar í skógrækt á hlutverki skógræktar í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum
- Að brýnt sé að gera rammaáætlun um landnýtingu á Íslandi þar sem bæði skógrækt og landgræðsla yrðu veigamiklir þættir



Verður fjallasýnin metin til fjár? *Ljósm Andrés Arnalds.*



## 8. Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt

Varðandi þau drög að því umhverfismati landsáætlunar í skógrækt sem lögð voru fram til samráðs með drögunum að *Landsáætlun í skógrækt 2021–2025* viljum við undirritaðir koma því á framfæri að við teljum þessa mikilvægu matsgerð ófullnægjandi. Hún er of grunn til að unnt sé að meta hin miklu og víðtæku áhrif landsáætlunar í skógrækt í bráð og lengd<sup>35</sup>. Þetta mikilvæga tæki, mat á umhverfisáhrifum, virðist auk þess ekki hafa verið notað sem gagnvirk leið til að þróa áætlunina heldur unnið sjálfstætt.

## 9. Sérálit minnihluta verkefnisstjórnar

Undirritaðir vilja að lokum taka undir og styðja heils hugar að öllu leyti álit minnihluta nefndarinnar um landsáætlun í skógrækt<sup>36</sup>.

Með vinsemd virðingu,

*Andrés Arnalds*  
*Sveinn Runólfsson*

---

<sup>35</sup> *Umhverfismat landsáætlunar í skógrækt — Drög til samráðs 19. 04. 2021*. Skógræktin.  
<https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/umhverfismat-landsaaetlunar-i-skograekt-19-april-2021.pdf>

<sup>36</sup> *Minnisblað*, dags. 27. apríl 2021. Tómas Grétar Gunnarsson og Salvör Jónsdóttir.  
[https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun\\_skograekt\\_seralit\\_tgg\\_sj\\_27-apr-2021.pdf](https://www.skogur.is/static/files/2021/Landaaetlun-drog/landsaetlun_skograekt_seralit_tgg_sj_27-apr-2021.pdf)